

244. fundur Skólanefndar FS

27. febrúar 2001



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Pétur Brynjarsson, Stefánía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Hilma Sigurðardóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Lok haustannar – upphaf vorannar.
 2. Nýr kjarasamningur – breytt starfsskilyrði.
 3. Önnur mál.

1. Lok haustannar – upphaf vorannar.

Skólameistari sagði frá lokum haustannar sem lauk með útskrift 3. febrúar. Alls útskrifuðust 45 nemendur. Nemendur skiluðu sér vel eftir verkfall kennara og vel gekk að ljúka önninni. Vorönn hófst strax að lokinni haustönn og virðist fækkun nemenda frá haustönn vera heldur meiri en venjulega. Skólameistari kynnti einnig dagatal vorannar og sagði frá því hvernig önnin verður skipulögð til að bæta upp þann tíma sem glataðist í haust. Útskrift verður 2. júní.

2. Nýr kjarasamningur – breytt starfsskilyrði.

Skólameistari sagði frá breytingum sem gera þarf á skipulagi og starfsemi skólans í kjölfar nýs kjarasamnings kennara. Ýmsar greiðslur eru nú komnar inn í grunnlaun kennara en í staðinn hefur skólinn svigrúm til að greiða fyrir sérverkefni og ýmis aukastörf. Auk þess geta yfirvöld skólans greitt kennurum aukalega fyrir það sem ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á, t.d. varðandi endurmenntun, þróunarvinnu o.fl.

3. Önnur mál.

- a) Nýr vefur skólans opnar á allra næstu dögum.
- b) Stærðfræðikeppni grunnskóla var haldin í skólanum laugardaginn 24. febrúar. Keppendur voru um 70 af öllum Suðurnesjunum og gekk keppnin mjög vel fyrir sig. Verðlaun verða veitt fyrir besta árangur í hverjum árgangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari